**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 8585. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, föstudaginn 17. október 2014 og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**
Svanur Tómasson Embættismaður, Illugi Jens Jónasson Formaður, Margrét Björk Björnsdóttir Varaformaður, Vilberg Ingi Kristjánsson Varamaður, Ásdís Lilja Pétursdóttir Ritari, Jóhann Már Þórisson Varamaður, Lúðvík Ver Smárason Embættismaður og Halldór Kristinsson Nefndarmaður.

**Fundargerð ritaði:** Lúðvík Ver Smárason, Byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

1. **1306023 - Vikurport_óleyfisframkvæmdir**

   Umhverfis- og skipulagsnefnd vísar til gildandi aðalskipulags, þar sem ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu á svæðinu. Svæðið er að hluta til á friðlýstu svæði og þar eru einnig mikilvægar minjar um atvinnusögu. Því er ljóst að þó gefið yrði út lóðarblað, verða ekki heimilaðar neinar framkvæmdir á svæðinu nema viðhald þegar byggðra mannvirkja. Slíkt viðhald yrði ávallt háð ströngu eftirliti vegna varðveislugildis. Nefndin ræddi málið og samþykkti að vísa málinu til bæjarstjórnar með tilliti til eignarhalds.

2. **1408007 - Vestan Arnarbrautar_Lóðarhafi hefur lýst yfir áhuga á að gerð verði breyting á deiliskipulagi á lóðinni, þannig að smáhýsum verði breytt í einnar hæðar hótel.**

   Umhverfis- og skipulagsnefnd líst vel á þessar breytingar skv. innsendun gögnum. Hús eru lækkuð, þjónustuhús minnkað og byggðin víkur inn að miðju lóðar sem gefur meira opið rými til austurs og vesturs. Nefndin heimilar að lóðarhafi fari í breytingar á deiliskipulagi. Nefndin bendir jafnframt á þörf fyrir dagvöruþjónustu á þessari lóð, þar sem þetta er eina óbyggða þjónustulóð svæðisins.

3. **1204004 - Hótel Búðir, fyrirspurn um breytingu á skipulagi vegna stækkunar á hóteli.**

   Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að leita þurfi eftir umsögn umhverfisstofnunar um málið.

4. **1410001 - Grundarbraut 15_umsókn um leyfi fyrir breytingar á gluggum**

   Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en byggingarfulltrúa falið að taka út burð veggja, innandyra.

5. **1404001 - Traðir 136240_breyting á útihúsum í gistingu og veitingasal**
   Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

6. **1410003 - Norðurtangi 1_HG Geisli ehf. sækir leyfi til að byggja skýli við útihurð og að klæða vegg**
   Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

7. **1410004 - Bjarnarfoss 197931_umsókn um byggingarleyfi fyrir ca. 18 m2 viðbyggingu við bílskúr, kvist í NV á bílskúr auk skjólfirðingar**
   Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

8. **1410002 - Gufuskálar_Til kynningar. Bréf frá fasteignum ríkissjóðs varðandi áform um að selja fasteignir ríkisins að Gufuskálum**
   Nefndinni var kynnt málið.

9. **1407005 - Jaðar 11 Arnarstapa_Umsókn um að færa bústað sem nemur bústaðarbreidd vegna sigs í undirstöðum.**
   Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .**

Sævar Þór Ómarsson
Margrét Björk Björnsdóttir
Illugi Jens Jónasson
Vilberg Ingi Kristinsson
Jóhann Már Þórisson
Hallbjörn Ólafsson [illegible]